

9. fundur atvinnu-, ferða- og menningarnefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2018-2022

Fundur haldinn í félagsheimili Hrunamanna, 16. mars 2020 kl. 20:00

Fundarboð:

Á fundinn mættu: Aron Nökkvi Ólafsson form., Sigurjón Snær Jónsson, Hulda Hrönn Stefánsdóttir, Hanna Björk Grétarsdóttir og Arna Þöll Sigmundsdóttir. Halldóra Hjörleifsdóttir oddviti Hrunamannahrepps var með í upphafi fundar til þess að vera innan handar fyrir hönd sveitarstjórnarinnar.

- **Breyting á skipan atvinnu-, ferða- og menningarnefndar.**

Sigurjón Snær Jónsson bað um leyfi frá störfum sínum sem formaður nefndarinnar vegna annara. Aron Nökkvi Ólafsson tekur við hlutverki formanns nefndarinnar og Sigurjón Snær yfirgefur nefndina alfarið. Rúnar Guðjónsson bað einnig um leyfi frá nefndinni vegna anna sem og vegna þess að hann er búsettur utan sveitarinnar. Hanna Björk Grétarsdóttir gegndi stöðu varamanns í nefndinni en tekur nú við sæti Rúnars sem aðalmaður. Björgvin Viðar Jónsson tekur sæti varamanns í staðinn fyrir Hönnu Björk og er þar með nýr maður inn í stjórn.

- **Erindi frá ungmennaráði**

Formaður kynnti erindi frá Ungmennaráði Hrunamannahrepps þar sem er kynnt hugmynd af Heilsuviku sumarið 2020. Hugmyndin var rædd og leggur AFM nefndin til að bæta inn fleiri atburðum í heilsuvikuna.

Listi með hugmyndum frá AFM nefndinni fyrir heilsuvikuna gerður, sem Aron Nökkvi mun koma á ungmennaráðið

- **Gönguferðir í Hrunamannahreppi**

Kolbrún Haraldsdóttir og Helgi Már Gunnarsson hafa séð um göngur síðustu ára og hafa hug á að taka þær aftur að sér. Stefnit verður á að halda gönguferðum með svipuðum hætti og hefur verið gert síðustu ár. Aron Nökkvi hefur komið sér í samband við Kolbrúnu og munu þau hittast við fyrsta tækifæri og ræða betur fyrirkomulag og hugmyndir Kolbrúnar fyrir gönguferðir sumarsins.

- **Verslunarmannahelgin**

Stiklað á stóru varðandi verslunarmannahelgina

- **Mál sem þarf að skoða**

Það sem er á borðinu fyrir nefndina að skoða er t.d.:

- KÍTÓN
- Haustlitir – uppfæra reglur og auglýsa fyrr. Einnig á eftir að klára verðlaunaafhendingu síðustu keppni

- Uppskeruhátíðin – Taka fund með þeim sem að henni standa og athuga hvort það megi skerpa á henni. Kvenfélagið samþykkti að taka að sér að sjá um það sem fram fer í félagsheimilinu á Uppskeruhátíðinni til 5 ár og eru því 3 ár eftir af þeim tíma. Nefndin sammál um að framlenging sé í boði.
- Setja south.is á forsíðu fludir.is
- Samráðsfundur með ferðaþjónustuaðilum á svæðinu. Hugmynd um að gera bækling með afþreyingu innan Hrunamannahrepps
- Íslendingar munu ferðast líklega mikið innanlands 2020. Það væri gott að reyna að ná þeim straumi hingað

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl 23:00

Fundarritari
Aron Nökkvi Ólafsson.